

22. gr. laga nr. 68/1971. Ákvæði þessi hafa eigi áhrif á heildarfyrningarverð fasteigna, sbr. lokamálsgrein B-liðar 15. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 3. gr. laga nr. 60/1973.

Fjárhæðir í skattstíga í 1. tl. 26. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 12. gr. laga nr. 7/1972. hækki þannig að af fyrstu 2 000 000 kr. skattgjaldseign greiðist enginn skattur, af næstu 1 500 00 kr. skattgjaldseign greiðist 0,6% og af þeirri skattgjaldseign, sem þar er fram yfir, greiðist 1%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda við álagningu eignarskatts gjaldárið 1976.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 5 28. febr. 1975, um ráðstafanir vegna snjóflóða í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verður 4. málsgrein svohljóðandi:

Á árinu 1976 er Viðlagasjóði heimilt að verja allt að 200 milljónum króna af eign sinni til að standa að fullu við skuldbindingar sínar vegna snjóflóða í Norðfirði 20. desember 1974.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.